LÖG

um breytingu á lögum nr. 8/1996, um löggildingu nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

a. 5. tölul. orðast svo: húsgagna- og innanhússarkitekta (húsgagna- og innanhússhönnuða) eða hluta þessa starfsheitis.
b. Orðið „og“ í 7. tölul. fellur brott.
c. Við bætist nýr töluliður, svohljóðandi:
10. tölvunarfræðinga.

2. gr.

Við 2. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðast svo: Þeir sem lokið hafa BS-prófi eða meistaraprófi í tölvunarfræði frá viðurkenndum íslenskum háskóla þurfa ekki slíkt leyfi ráðherra.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 19. desember 2002.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Valgerður Sverrisdóttir.

Nr. 148 18. desember 2002

LÖG

um breytingu á lögum um fjáröflun til vegagerðar, nr. 3/1987, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað dagsetningarinnar „31. desember 2002“ í ákvæði til bráðabirgða VIII í lögunum kemur: 31. desember 2004.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2003.

Gjört á Bessastöðum, 18. desember 2002.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Geir H. Haarde.